


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3	<b>ÍSL 103 Haustönn 2010</b>	

<b>Kennari</b>	Anna Lilja Harðardóttir og Pórdís H. Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	ALH og PHJ
----------------	---	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta, bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Nemendur fá einnig þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna. Að lokum verða rifjuð upp helstu hugtök og reglur í málfræði og stafsetningu.

### Markmið áfangans eru að nemandi:

- lesi og greini bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmíðar.
- geti skrifað skipulega unnar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- öðlist sjálftraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.

### Námsgögn:

*Íslenska eitt* eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006 eða síðar)

*Afturelding* eftir Viktor Arnar Ingólfsson (útg. 2005 eða síðar)

### Áætlun um yfirferð:


#### 1. lota 23. 8. – 3. 9. (2 vikur)

*Íslenska eitt* / Svona er ég (bls. 9-38) Farið í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum í bundnu og óbundnu máli.

*Afturelding*; Nemendur hefja lestur á bókinni.

#### 2. lota 6. 9. – 24. 9. (3 vikur)

*Íslenska eitt* / Bernskuminning öllu fegri er (bls. 51-88) Fjallað verður um byggingu texta og greiningu þeirra. Nemendur vinna verkefni í tengslum við efnið.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	<b>ÍSL 103</b>	<b>Haustönn 2010</b>

### Fyrri skil á verkefnamöppu.

Skáldsagan *Afturelding* rædd. Krossapróf og verkefni unnin úr sögunni.

Notkun handbóka æfð.

### 3. lota 27.9.- 8.10. (2 vikur)

*Íslenska eitt* / Framhaldsskólaárin (bls. 95-129)

Farið verður ítarlega í myndmál og stílbrögð í ljóðum og sögum Lesnir textar og unnin verkefni um þessi atriði. Fjallað um mun á talmáli og ritmáli og nemendur skrifa texta þar sem þeir æfa þennan mun. Einnig skrifa þeir kvikmyndagagnrýni um nýlega íslenska kvikmynd.

### 4. lota 11.10.-5.11. (4 vikur)

*Íslenska eitt* / Álitamál og árekstrar (bls. 216-221)

Textar um ýmis álitamál teknir til skoðunar, nemendur vinna rökfærsluritgerð og æfa munnlegan flutning. Sjá um tækifærISRæðu bls. 252-254.

### Seinni skil á verkefnamöppu.

### 5. lota 8.11. – 30.11. (3 vikur)

*Íslenska eitt* / Framhaldsskólaárin (bls. 129-140) og Af máli má manninn þekkja (bls.141-158)

Rifjuð upp helstu atriði um málfræði, stafsetningu og setningafræði.

### Verkefni:

Nemendur vinna margvísleg verkefni og skila þeim ýmist munnlega eða skriflega. Einnig skila þeir verkefnamöppum tvisvar á önninni.


### Námsmat og vægi námsþátta:

Krossapróf og verkefni úr Aftureldingu:	10%
Verkefnamöppur:	10%
Rökfærsluritgerð og ræða	10%
Stafsetning og málfræði	10%
Lokapróf	60%

Lágmarkseinkunn á lokaprófi er 4,5 til þess að verkefni og próf á önninni fáist metin.

Þessi kensluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

### Dagsetning:

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	<b>ÍSL 103</b> <b>Haustönn 2010</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils